



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

44. tölublað 5. árgangur maí 2016 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKkur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing

Heiðlóa



Námsmat

Í maí er gleði og gaman, í maí er námsmat grunnskólastígs þar sem safnað er saman vitneskju og hún skráð. Vikuna 9.-13. maí er áherslan á námsmat og svo fara sýnishorn heim í matsmöppu 23. maí og vitnisburður afhentur á skólaslitum 3. júní.

Símanúmer

Aðalnúmer 460-4970
Skólastjóri 460-4971
Kötlukot 460-4973
Félagsheimili 460-4979



Samskiptaboðorðin

Horfa (augnsamband)

Heilsa (einlægur áhugi)

Hlusta (veita athygli)

Hljóma (jákvæður raddblær)

Hrósa (hvetja)

Hjálpa (vera til staðar)



Kæra skólasamfélag

Gleðilegt sumar og takk fyrir veturinn! Þá er maí runninn upp og við fögnum þeim ljúfa mánuði enda sá tími ársins sem líf kviknar á ný eftir veturinn og fuglasöngur ómar og dagarnir eru bjartir og fagrir! Það er mikið um að vera í skólanum í maí og því mikilvægt að kynna sér þær lokanir og þá viðburði sem eru framundan. Til dæmis er sveitaferð Kötlukots, dagsferð 1.-7. bekkjar, flöggun Grænfána, vorhátíð, námsferð starfsfólks, námsmatsvika og sitthvað fleira. Njótið vorsins og munið að þið eruð alltaf velkomin í skólann!

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Skóladagatal 2016-2017

Skóladagatal skólaárs nr. 5 veturinn 2016-2017
Hefur verið samþykkt og er komið á vefinn.

[Skóladagatal 2016-2017 sjá hér.](#)



Námferð starfsfólks til Brighton

Dagana 4.-8. maí verður starfsfólk skólans í Brighton á Englandi í námsferð. Við ætlum að læra eitt og annað og skemmta okkur saman. Tveir skipulags dagar og einn skertur dagur eru nýttir í þessa ferð auk uppstigningardags og helgarinnar. Því er skólinn lokaður frá kl. 12⁰⁰ þriðjudaginn 3. maí og við opnum aftur mánudaginn 9. maí kl. 07:45.

Sveitaferð Kötlukots

Sveitaferð Kötlukots verður farin núna í maí. Ekki er búið að ákveða endanlega tímasetningu en það verður gert þegar að lömbum fer að fjölga. Við förum eins og áður á Hámundarstaði til Ellu okkar og ætlar Snorri að bjóða okkur velkomin.



Niðurstöður vinnuhóps um eflingu og framtíð félagsheimilisins í Árskógi og Árskógarskóla voru teknar fyrir á fundi fræðsluráðs 26. apríl, fræðsluráð bókaði eftirfarandi eftir umræður um vinnu hópsins:

„Skýrsla og kynning vinnuhópsins rædd og aðilar sammála um að halda áfram leik- og grunnskólastarfi við Árskógarskóla samkvæmt núverandi skipulagi enda sé það forsenda þess að efla og styrkja búsetu á Árskógsströnd. Fræðsluráð tekur undir tillögu vinnuhópsins um að við innritun barna í leik- og grunnskóla verði foreldrum kynntir allir þeir valkostir sem í boði eru í sveitarfélaginu. Það kallar á einfaldari og aðgengilegri framsetningu á heimasíðu Dalvíkurbyggðar.

Fræðsluráð leggur til að ákvörðum um fyrirkomulag á rekstri félagsheimilisins Árskógar verði vísað til Íþróttá- og æskulýðsráðs sem skoði málið samhliða vinnu við starfs- og fjárhagsáætlun á komandi hausti. Fræðsluráð þakkar vinnuhópnum fyrir vel unnin störf.“


Sem sagt, búið að velta við öllum steinum og Árskógarskóli starfar í óbreyttri mynd og fer jákvæður og bjartsýnn inn í sumarið og tilbúinn í starfsár nr. 5 skólaárið 2016-2017.

Sjáumst í skólanum

Skólaslitum flýtt!

Á skóladagatali 2015-2016 eru skólaslit mánudaginn 6. júní sem er skertur skóladagur nemenda og einungis mætt á skólaslit sem taka um 30 mínútur. Árskógarskóli og Dalvíkurskóli óskuðu eftir því að færa skólaslitin til föstudagsins 3. júní og er fræðsluráð hlynnt því enda kemur það ekki niður á fjölda nemendadaga. Skóla- og foreldraráð Árskógarskóla samþykkti á fundi sínum 28. apríl 2016 að skólinn megi slíta skóla föstudaginn 3. júní kl. 13⁰⁰. Því er það ákveðið að nemendur á grunnskólastigi mæta í skólann eins og venjulega 3. júní og dagurinn endar á skólaslitum í félagsheimilinu kl. 13⁰⁰.

Á skólaslitum útskrifum við og kveðjum nemendur 7. bekkjar og afhendum grunnskólastigi vitnisburð. Hvetjum foreldra nemenda til þess að mæta.



Opnunartími og skóladagatal

Árskógarskóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:00.

Vinsamlegast kynnið ykkur [skóladagatal 2015-2016](#) svo allt sé á hreinu, viðburðir, lokanir!

Munið eftir [myndasafninu](#) á heimasíðunni <http://www.dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>



námsÁhugi-þRautseigja-Samvinna-leiKur-útiskÓli-Gleði-Umhyggja-viRðing



Viðburðadagatal maí 2016

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur **Laugardagur** **Sunnudagur**

2	3 Skóli lokar kl. 12 ⁰⁰ Starfsfólk í Brighton	4 Skipulagsdagur LOKAÐ Sigurlaug  2 ára Starfsfólk í Brighton	5 Uppstigningardagur LOKAÐ Starfsfólk í Brighton	6 Skipulagsdagur LOKAÐ Áróra  4 ára Starfsfólk í Brighton	7 Starfsfólk í Brighton	8 Starfsfólk í Brighton
9 Námsmatsvika grunnskólastigs	10 Námsmatsvika grunnskólastigs	11 Námsmatsvika grunnskólastigs	12 Námsmatsvika grunnskólastigs Félagsmiðstöð ball Víkurröst kl. 17:00-18:30	13 Námsmatsvika grunnskólastigs	14	15 Hvítasunnudagur
16 Annar í hvítasunnu LOKAÐ	17	18	19 Dagsferð grunnskólastigs 5.-7. gista 	20	21	22
23 Matsmöppur heim	24 Hríseyingar í heimsókn	25	26 Flöggun Grænfána nr. 3 	27 Vorhátíð -gleði og glens -hjólabraut -ruslatínsla -leikir Alls konar!	28	29
30	31					
						